

## Fundur í skóla- og fræðslunefnd Laugargerðisskóla 23. febrúar 2011 haldinn í Laugargerði

Mættir eru: Eggert Kjartansson, Guðríður Pétursdóttir, Katrín Gísladóttir, Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastjóri, Sigurður Jónsson, Sigríður Sigurðardóttir og Hulda Þórðardóttir.

- Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund, Katrín ritar fundargerð.
- Fundargerðir frá 12. og 21. jan. undirritaðar.
- Kristín Björk kynnti sjálfsmatsáætlun skólans og sýndi ýmis gögn henni tengd.
- Útkoma í foreldrakönnun kynnt.
- Rætt um innheimtu á gjöldum kringum skólann. Komnir eru í gang mánaðarlegir reikningar fyrir fæði skólabarna og er það vel. Spurning hvernig stendur með leikskólabörnin og þeirra fæðisreikninga.
- Sérfræðipjónusta. Nokkrar leiðir nefndar fyrir framtíð þeirra mála. Eggert og Kristínu falið að vinna áfram að málinu í samræmi við umræður á fundinum.
- Önnur mál. Kynnt drög að bréfi til oddvita. Einnig rætt um að bæta tengsl milli skóla, fræðslunefndar og sveitarstjórnar.
- Stefnt að næsta fundi 16. mars, fundi slitið.